

Gátlisti fyrir skjólstæðinga sjúkrahússins Vogs

Verið hjartanlega velkomin á Vog

Samstarf og samskipti sjúklinga sín á milli og við starfsfólk eru mikil á Vog. Þess vegna er mikil áhersla lögð á eftirfarandi sáttmála:

Ég mun leggja mig fram við:

- að sýna tillitssemi, nærgætni og virðingu
- að sýna fullan trúnað um það sem kemur fram í meðferðinni frá öðrum eða um aðra, og segja aldrei frá einkamálum annarra
- að þiggja meðferð SÁÁ af fúsum og frjálsum vilja og taka þátt í meðferðardagskrá eins og heilsa leyfir.
- að vera ekki með myndrænar eða ítarlegar frásagnir af neyslu, erfiðri reynslu eða hvers kyns ofbeldi fyrir aðra skjólstæðinga í meðferðinni
- að vera ekki ógnandi í orðum eða gerðum, og sýna ekki áreiti eða ofbeldi
- að neyta alls ekki áfengis eða annarra vímuefna/lyfja á meðan á meðferð stendur
- að segja starfsfólki frá vímuefna- lyfja- og/eða áfengisneyslu minni
- að vera fús til þess að taka vímuefnapróf sé þess óskað
- að ræða við starfsfólkið ef ákvörðun er tekin um að hætta í meðferðinni

Nauðsynlegt er fyrir skjólstæðinga sem leggjast inn á Vog að hafa eftirfarandi gátlista í huga fyrir dvölinu:

- Þægilegur, snyrtilegur, léttur klæðnaður sem hylur allan líkamann. Athugið að ekki má klæðast hlýrabolum og stuttbuxum á Vog. Skjólstæðingum er frjálst að koma með slopp ef þeir vilja, en það er ekki skylda að klæðast þeim
- Hlý föt eða ullarnærföt einkum að vetrarlagi. Útiskó til gönguferða.
- Síð-eða stuttermabolir, nærföt, og sokkar fyrir dvölinu (meðaltal 10 dagar)
- Athugið að ekki er hægt að þvo fatnað skjólstæðinga á Vog
- Snyrtivörur (þ.m.t tann-, hár- og skegghirða)
- Vekjaraklukka og úr (athugið þó að snjallúr og útvarpsvekjaraklukkan eru ekki leyfðar inni á Vog)
- Bækur og annað lesefni á lesbrettum (ekki má koma með spjaldtölvur eða nettengjanleg lesbretti á Vog). Tónhlöður (mp3 eða iPod) án nettengingar eru leyfðar, en áskilið að afspilun sé eingöngu í gegnum heyrnartól og tækin eru alfarið á ábyrgð sjúklings.
- Greiðslukort/peningar fyrir símkorti og í sjálfsala
- Lyf/lyfjakort
- Eingöngu **glærir** vatnsbrúsar leyfðir



Þeir sem koma með sín snjalltæki, þ.e GSM, snjallúr eða annað afhenda þau við komu og tækin verða geymd meðan á innlögn stendur. Unnt er að fá aðgang að eigin GSM síma á auglýstum tímum til að sinna brýnum erindum.

Eins og aðrar sjúkrastofnanir er Vogur reyklus. Það er skýli utandyra fyrir þá skjólstæðinga sem reykja. **Einnota, innsiglaðar rafsígarettur eru leyfðar, en eingöngu utandyra.** Aðrar rafsígarettur, vafningstóbak, neftóbak, reykþípur og vafðar sígarettur eru ekki leyfilegar á Vogu. Við mælum alltaf með nikótínvörum frekar en tóbaksnotkun.

Hægt er að koma með sendingar til sjúklinga á milli klukkan 12:00-22:00. Ekki er tekið við sælgæti, mat og drykk.

ATH! Sáá tekur enga ábyrgð á eigum sjúklinga